

REGLUGERÐ

**um endurgreiðslu sjúkratrygginga á kostnaði vegna þjónustu sérfræðinga
í tannréttungum sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.**

1. gr.

Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um endurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands á kostnaði sjúkra-tryggðra einstaklinga vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í tannréttungum, sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

2. gr.

Sjúkratryggðir.

Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkra-tryggingar, nema annað leiði af milliríkjjasammingum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn. Að öðru leyti gilda um það hverjir teljist sjúkratryggðir hér á landi 10.-16. gr. laga um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur teljist sjúkratryggður.

3. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og hugtök þessa merkingu:

1. *Einingar:* Verð allra gjaldliða í gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, sbr. 38. gr. laga um sjúkra-tryggingar, tilgreint í einingum þar sem allar einingar eru jafn verðmætar.
2. *Gjaldskrá:* Gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannréttningar, sbr. 38. gr. laga um sjúkra-tryggingar.
3. *Forréttigar:* Inngríp með lausum plötum, föstum tækjum eða öðrum aðferðum sem ætlað er að koma í veg fyrir óeskilega þróun bits eða vöxt kjálka í barnatannsetti eða blönduðu tann-setti áður en tannskiptum sexárajaxla og fremri tanna lýkur.
4. *Föst tæki:* Föst tæki samanstanda af tannréttингaboga sem festur er á stálbönd eða tyllur, sem sett hafa verið á a.m.k. 10 fullorðinstennur annars góms.
5. *Lok meðferðar:* Virkri meðferð lýkur þegar föst tæki hafa verið fjarlægð af tönnum og við-eigandi stoðtæki sett upp.
6. *Læknisfræðileg nauðsyn:* Meðferð telst læknisfræðilega nauðsynleg í reglugerð þessari ef henni er ætlað að leysa umtalsverða færnisskerðingu, þ.e. ef raunhæf ástæða er til að ætla að meðferðin bæti þá skerðingu verulega og að sað skaði sem meðferðin kann að valda sé minni en væntanlegur heilsufarslegur ávinnungur hins tryggða af meðferðinni.
7. *Sérfræðingur í tannréttungum:* Tannlæknir sem hlotið hefur viðurkenningu sem sérfræðingur í tannréttungum á Íslandi skv. reglugerð 545/2007 um sérfræðileyfi tannlækna.
8. *Tannréttigar:* Færsla fullorðinstanna með föstum tækjum eftir lok tannskipta.
9. *Umsókn:* Eyðublað sem Sjúkratryggingar Íslands birta á vef sínum og tannréttingsérfræðingur umsækjanda fyllir út.
10. *Upphaf meðferðar:* Meðferð telst hafin þegar föst tæki hafa verið fest á tennur.

4. gr.

Almenn skilyrði fyrir endurgreiðslu kostnaðar vegna tannréttингa.

Endurgreiðsla sjúkratrygginga skv. reglugerð þessari tekur til kostnaðar vegna tannréttингa sem teljast læknisfræðilega nauðsynlegar hinum sjúkratryggða vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa, sbr. 1. mgr. 5. gr. Endurgreiðsla sjúkratrygginga tekur jafnframtil annarra tannréttингa barna og ungmenna, sbr. 2. mgr. 5. gr.

Endurgreiðslan tekur hvorki til forrétinga, nema þegar um er að ræða skarð í efri tannboga eða harða gómi sbr. 1. mgr. 5. gr., né forvarna eða eftirlits og lagfæringa stoðtækja að virkri meðferð lokinni.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands eru:

1. Að stofnunin hafi samþykkt umsókn, sem gerð er af sérfræðingi í tannréttингum og undirrituð bæði af sérfræðingi og umsækjanda, áður en meðferð hefst. Réttur sjúkratryggðs til endurgreiðslu vegna tannréttингa fellur niður ef meðferð er framkvæmd án umsóknar eða áður en stofnunin hefur tekið astöðu til hennar.
2. Að sérfræðingur í tannréttингum hafi samþykkt að nota gjaldskrárliði Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannréttингar í aðgerðaráætlun, sbr. 6. gr., og við alla framkvæmd og reikningsgerð sem tengist endurgreiðslu kostnaðar skv. reglugerð þessari.
3. Að sérfræðingur í tannréttингum hafi samþykkt að tilkynna Sjúkratryggingum Íslands allar breytingar á uppgefnu einingarverði á umsóknardegi, sbr. 6. gr., svo og hinum sjúkratryggða og Sjúkratryggingum Íslands hækkanir á einingarverði með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara.

Pá er það jafnframt skilyrði fyrir endurgreiðslu kostnaðar vegna meðferðar sérfræðings í tannréttингum að Sjúkratryggingar Íslands hafi gengið úr skugga um að þjónustan sé ekki í boði innan ásættanlegs tíma hjá heilbrigðisstofnun, sbr. lög um heilbrigðispjónustu, eða aðila sem gert hefur samning um þjónustuna samkvæmt IV. kafla laga um sjúkratryggingar.

5. gr.

Tannréttингar sem sjúkratryggingar endurgreiða samkvæmt reglugerð þessari.

Endurgreiðsla sjúkratrygginga tekur til eftirtalinna tilvika:

1. Skarðs í efri tannboga eða harða gómi sem valdið hefur alvarlegri tannskekkju.
2. Meðfæddrar vontunar fjögurra eða fleiri fullorðinstanna, framan við endajaxla, sem ekki verður bætt án tannréttингar.
3. Annarra sambærilega alvarlegra tilvika, svo sem mjög alvarlegs misrämis í vexti beina í höfuðkúpu og kjálka (Craniofacial Syndromes/Deformities) sem ekki verður leyst án kjálkaferslúaðgerðar.

Endurgreiðsla sjúkratrygginga tekur jafnframtil til annarra tannréttингa barna og ungmenna enda hafi meðferð með föstum tækjum hafist fyrir 18 ára aldur viðkomandi.

6. gr.

Umsóknir.

Sækja skal um endurgreiðslu til Sjúkratrygginga Íslands vegna tannréttингa áður en meðferð hefst og skal umsókn vera á því formi sem stofnunin ákveður.

Með umsókn um endurgreiðslu kostnaðar vegna tannréttингa skal fylgja nákvæm sjúkdómsgreining, rökstuðningur á læknisfræðilegri þörf fyrir fyrirhugaða meðferð, aðgerðaráætlun, lýsing sérfræðings í tannréttингum á þeim árangri sem að er stefnt og samþykki sérfræðings í tannréttингum skv. 2. tl. 3. mgr. 4. gr. Áætlunin skal gefa kost á heildstæðu kostnaðarmati. Jafnframtil skal sérfræðingur í tannréttингum senda nauðsynleg gögn, s.s. myndir eða afsteypur. Í umsókn skal koma fram hvort meðferð verði veitt með föstum tækjum í annan eða báða góma, áætlaður meðferðartími og einingarverð sérfræðings í tannréttингum á umsóknardegi.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort meðferð telst læknisfræðilega nauðsynleg út frá þeim upplýsingum sem fram koma í umsókn, þeim gögnum sem henni fylgja og klínískri skoðun á vanda umsækjanda ef með þarf. Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hámark endurgreiðslu og gildistíma samþykktar í hverju tilviki fyrir sig út frá alvarleika tannvandans.

7. gr.

Endurgreiðsla sjúkratrygginga.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað vegna tannréttингa samkvæmt gjaldskrá sem stofnunin setur, sbr. 38. gr. laga um sjúkratryggingar, og með þeim skilyrðum sem fram koma í skýringum gjaldskrárinnar.

Sjúkratryggingum er ekki heimilt að endurgreiða kostnað vegna endurtekinnar meðferðar sem áður hefur verið styrkt af Tryggingastofnun ríkisins eða Sjúkratryggingum Íslands samkvæmt þessari grein eða eldri reglum um þáttöku almannatrygginga í kostnaði við tannréttigar. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn enda hafi umsókn borist áður en hin endurtekna meðferð hófst.

Sjúkratryggður greiðir sjálfur allan kostnað við meðferð umfram þann kostnað sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt að endurgreiða.

8. gr.

Greiðslukvittanir.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands á reikningi (kvittun), sem sjúkratryggður einstaklingur framvíesar hjá stofnuninni vegna þjónustu sérfræðings í tannréttigum sem er án samnings við stofnunina, er að reikningurinn (kvittunin) sé afhentur í frumriti, á stöðluðu formi sem Sjúkratryggingar Íslands ákveða, fyrirfram tölusettur og á honum komi fram nafn og kennitala sérfræðings í tannréttigum og læknanúmer. Jafnframt skal koma fram hvar þjónustan var veitt, nafn og kennitala sjúklings, hvaða dag verk var unnið, hvaða læknisverk var unnið, gjaldskráliður, sbr. gjaldnúmer sem tilgreind eru í gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, einingafjöldi og fjárhæð reiknings. Tannréttingesérfræðingurinn og sjúklingur skulu staðfesta reikning með undirskrift sinni.

9. gr.

Sjúkraskrár.

Sérfræðingi í tannréttigum er skylt að halda sjúkraskrá um umsækjanda. Þar skal koma fram ítarleg sundurliðun á þeirri meðferð sem veitt var hverju sinni. Um færslu sjúkraskrár fer að öðru leyti skv. II. kafla laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár.

10. gr.

Stjórnsýslukærur.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð greiðslna vegna tannréttинга samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar, sbr. 36. gr. laga um sjúkratryggingar.

11. gr.

Gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands.

Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að endurgreiða kostnað vegna tannréttingga á grundvelli gjaldskrár sem stofnunin gefur út, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008. Heimildin gildir til og með 31. desember 2010.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 38. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár, öðlast gildi 1. janúar 2010 og tekur til þjónustu sem veitt er á tímabilinu 1. janúar 2010 til og með 31. desember 2012. Frá sama tíma falla úr gildi 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 576/2005 og gjaldskrá nr. 283/1992 með síðari breytingum.

Skilyrði 2. mgr. 5. gr. um að meðferð hafi hafist fyrir 18 ára aldur tekur þó ekki gildi fyrr en 1. desember 2010. Þangað til skal rétturinn ná til 21 árs aldurs.

Nr. 1058

21. desember 2009

13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. skal Sjúkratryggingum Íslands heimilt að inna af hendi þær greiðslur sem þegar hafa verið samþykkтар, samkvæmt ákvæðum 11. gr. reglugerðar nr. 576/2005, til 1. janúar 2013. Til sama tíma er Sjúkratryggingum einnig heimilt að greiða, samkvæmt gjaldskrá nr. 283/1992, þá meðferð sem þegar hefur verið samþykkt samkvæmt 10. gr. sömu reglugerðar.

Heilbrigðisráðuneytinu, 21. desember 2009.

Álfheiður Ingadóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2009